

Sp.

82. Tillaga

til þingsályktunar um strandferðir.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson, Þorleifur Jónsson, Ingvar Pálmason,
Hákon J. Kristófersson, Halldór Stefánsson og Árni Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina, að hún í samráði við forstjóra Eimskipafjelags Íslands og samgöngumálanefndir Alþingis taki til athugunar, hvort eigi sje tiltækilegt að breyta skipulagi strandferðanna nú á þessu ári og framvegis eins og hjer segir:

- A. Að fjölga hraðferðum strandferðaskipsins Esju.
- B. Að halda úti hæfilegu skipi til strandferða og flutningaferða milli Hornafjarðar og Austfjarða alt að Skálum á Langanesi.
- C. Að láta »Suðurland« fara að m. k. einu sinni í mánuði strandferð um Breiðafjörð.
- D. Að leigja ca. 300 smálesta skip til flutningaferða með ströndum fram frá septemberbyrjun til ársloka.

Greinargerð.

Strandferðirnar eru nú mjög ófullnægjandi. Langan tíma árs eru engar sjóferðir milli sumra landshluta. Esja, sem fyrst og fremst er byggð til manflutninga, verður oft að tefjast við vöruflutninga, til stórskada fyrir landið og fólk, sem þarf að ferðast með henni. Reynslan sýnir, að hraðferðir Esju vor og haust gera mest gagn og bera sig best. Á löngu ferðunum er tekjuhallinn mestur, eins og meðfylgjandi skýrsla sýnir. Sumstaðar á landinu, t. d. á Breiðafirði, eru nú nálega engar strandferðir, til stórtjóns fyrir hjeruðin. Aftur má sanna, að vaxandi velmegun í hjeruðunum kringum Borgarnes stendur í beinu hlutfalli við hinar tiltölulega greiðu sjósamgöngur milli Borgarness og Reykjavíkur.

Fyrsta breytingin er fölgín í því, að Esja fari hraðferðir frá því snemma á vorin og þangað til seint á haustin, er fólksflutningur þverrar. Um hásumarið er þó þörfin minni um tíma. Í þessum ferðum ætti skipið að geta komið við á 25—27 höfnum á 7—8 dögum, ef ekki væri um vörusendingar að ræða, sem tefðu viðdvöl fram yfir það, sem fólksflutningur krefur.

Annar liður lýtur að Austfjörðum. Esja getur tæplega komið á Hornafjörð, nema sjerstaklega standi á, ef hún er í hraðferð. Verður þá heil sýsla útundan með strandferðir. Auk þess er nú mikil sjósókn á útmánuðum frá Hornafirði, og eru þar margar bátshafnir frá öllum Austfjörðum. Er þá mikil þörf samgangna við Hornafjörð. En á sumrin er aftur ágæt veiðistöð á Skálum og mikið um vörur til flutnings. Verða skip Eimskipafjelagsins oft að biða þar lengur en má vera, sökum veðurs, til stórskada fyrir fjelagið. Gera má

ráð fyrir, að best yrði að leigja til Austfjarðaferðanna svo sem hundrað smá-
lesta bát norskan með nokkru fólksflutningsrúmi.

Í þriðja lagi er Breiðifjörðurinn nú herfilega útundan með strandferðir,
svo að það stendur atvinnulífinu bæði í Dala- og Barðastrandarsýslu fyrir
þrifum. Suðurland, sem nú annast Borgarnesferðirnar, hefir ekki nægilega
mikið verkvið. Er skipið oft dögum saman liggjandi hjer á höfninni milli
ferða. Hjer er gert ráð fyrir, að senda megi Suðurland alt að því 12 ferðir á
ári úr Borgarnesi í strandferð um Breiðafjörð. Síðan komi skipið aftur við í
Borgarnesi á leið til Reykjavíkur.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir, að landið leigi skip, alt að 300 smálest-
um á stærð, til vöruflutninga með ströndum fram um mesta annatimann, haustið
og fyrri hluta vetrar. Er það sjer í lagi gert vegna erfiðu hafnanna, sem myndu
missa nokkuð við hraðferðir Esju að því er snertir vöruflutninga.

Vafalaust myndi þetta skipulag kosta landið eitthvað meira í beinum
útgjöldum heldur en nú á sjer stað í strandferðaleyssinu. En óbeini hagarinn
yrði þeim mun meiri. Esja myndi geta annast megnið af fólksflutningum
með ströndum fram, og gróði, sem nú rennur til útlendu fjelaganna, rynni þá
til landsins. Landsmenn ættu kost á fljótari og betri ferðum. Og heil hjeruð,
sem nú eru nálega án samgangna, myndu fá margfalt bættu aðstöðu við at-
vinnureksturinn.

Æskilegt væri, að þetta mál fengi fljóta afgreiðslu nú á þinginu, svo
að þetta skipulag gæti komist á í sumar.

Es. „Esja“.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld (eftir ferðum) 1. apríl til 31. des. 1924.

Ferð	Frá þ.	Til þ.	Leið	Hafnir	Dagar alls	Kvartrn. sigldar	Útgjöld í ferðinni	Tekjur í ferðinni			Tap í ferðinni	Tala farþega
								Flutn gj.	Fargjöld	Samtals		
1. ferð	1. jan.	13. jan.	Bið í Kaupmannahöfn	»	13	»	12 988.69	»	»	»	12 988.69	»
	15. —	14. febr.	Kmh — kringum land — Rvk	29	32	2458	44 453.79	17 560.96	7 022.50	24 583.46	19 870.33	271
	15. —	21. —	Lagt upp í Eiðsvík	»	7	»	6 719.91	»	»	»	6 719.91	»
2. —	26. febr.	16. mars	Suður og austur um	35	25	1509	31 059.55	7 311.48	4 209.50	11 520.98	19 538.57	257
3. —	21. mars	7. apríl	Vestur og norður um	42	22	1565	28 988.47	7 338.95	6 858.50	14 197.45	14 791.02	388
4. —	14. apríl	30. —	Suður og austur um	44	23	1525	29 771.24	7 819.22	8 472.50	16 291.72	13 479.52	561
5. —	4. maí	21. maí	Vestur og norður um	51	20	1623	26 858.53	11 510.75	11 361.00	22 871.75	3 986.78	877
6. —	22. —	25. —	Til Búðardals	5	4	270	5 687.69	2 679.40	9 961.50	3 640.90	2 046.79	91
7. —	27. —	8. júní	Suður og austur um	41	15	1559	21 258.74	7 949.22	11 325.00	19 274.22	1 984.52	639
8. —	16. júní	28. —	Vestur og norður um	38	20	1533	26 245.40	9 263.94	10 959.00	20 222.94	6 022.46	663
9. —	2. júlí	9. júlí	Vestur og norður um	13	11	1053	15 153.68	1 544.75	8 089.50	9 634.25	5 519.43	325
10. —	12. —	28. —	Suður og austur um	49	19	1642	25 507.37	8 153.00	6 923.00	15 076.00	10 431.37	416
11. —	3. ágúst	11. ágúst	Vestur og norður um	16	14	1175	19 132.73	5 770.97	6 513.50	12 284.47	6 848.26	192
12. —	15. —	23. —	Suður og austur um	17	12	1210	17 062.25	5 486.43	5 026.00	10 512.43	6 549.82	222
13. —	27. —	9. sept.	Vestur og norður um	39	17	1515	22 777.38	6 992.66	5 289.00	12 281.66	10 495.72	298
14. —	13. sept.	21. —	Til Vestfjarða	17	12	644	15 351.54	6 153.46	3 581.50	9 734.96	5 616.58	285
15. —	23. —	9. okt.	Suður og austur um	38	18	1595	25 453.88	11 312.90	10 801.50	22 114.40	3 339.48	538
16. —	12. okt.	18. —	Til Austfjarða	13	9	844	12 783.62	2 914.91	5 449.00	8 363.91	4 419.71	255
17. —	20. —	7. nóv.	Vestur og norður um	36	20	1527	29 122.32	16 485.60	9 101.00	25 586.60	3 535.72	552
18. —	10. nóv.	16. —	Til Búðardals	5	9	297	12 416.82	5 228.00	1 337.00	6 565.00	5 851.82	126
19. —	19. —	11. des.	Suður og austur um	37	25	1567	35 271.86	12 024.77	8 846.50	20 871.27	14 400.59	459
20. —	15. des.	22. —	Til Leith	2	10	944	16 563.19	12 092.25	782.00	12 874.25	3 688.94	68
	23. —	31. —	Bið í Leith	»	9	»	8 923.67	»	»	»	8 923.67	»
Samtals				567	366	26055	489 552.32	165 593.62	132 909.00	298 502.62	191 049.70	7483